



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Tillögur PFS að breytingum á drögum Mílu að nýju viðmiðunartilboði fyrir opinn aðgang að heimtaugum

I. Meginmál viðmiðunartilboðsins

1.1. Skilgreiningar (kaflí 1.3)

Í drögum Mílu að hinu nýja viðmiðunartilboði er skilgreining á hugtakinu „húskassa“ fallin brott frá gildandi viðmiðunartilboði. Skilgreining hugtaksins í gildandi viðmiðunartilboði er eftirfarandi:

„Húskassi er nettengipunktur hjá endanotanda“

Í nýjum reglum PFS um innanhússfjarskiptalagnir nr. 1111/2015 er hugtakið húskassi skilgreint með eftirfarandi hætti:

*„**Húskassi:** Lokanlegur skápur eða kassi sem hýsir inntak heimtauga eða annarra fjarskiptastrengja sem tengja áskrifendur í ákveðinni byggingu við hið almenna fjarskiptanet og þar sem tenging á sér stað milli hins almenna fjarskiptanets og innanhússlagna.“*

PFS leggur til að síðargreind skilgreining á hugtakinu „húskassi“ komi fram í umræddum kafla viðmiðunartilboðsins. Þá leggur PFS til að eftirfarandi skilgreining á hugtakinu „inntak“, sem einnig er kveðið á um í framangreindum reglum PFS frá 2015, komi einnig fram í kaflanum:

*„**Inntak:** Staður þar sem strengur í almennu fjarskiptaneti er tekinn inn í byggingu og tengist innanhúslögnum. Um er að ræða efnislegan nettengipunkt þar sem áskrifanda er veittur aðgangur að almennu fjarskiptaneti. Staðsetning nettengipunkts að því er varðar þessar reglur er fyrsti tengipunktur fyrir innan útvegg, nánar tiltekið í tengingu milli tengilista á strengenda fjarskiptafyrirtækja og tengilista fyrir innanhússlagnir.“*

Í drögum Mílu að hinu nýja viðmiðunartilboði er skilgreining á hugtakinu „heimtaugahluti (subloop)“ einnig fallin brott frá gildandi viðmiðunartilboði. Skilgreiningin hljóðar svo í gildandi viðmiðunartilboði:

*„**Heimtaugahluti (subloop):** Sá hluti heimtaugarinnar sem nær frá tengikassa í húskassa.“*

PFS telur þörf á að skilgreining á hugtakinu „heimtaugahluti“ verði áfram í viðmiðunartilboðinu. Þetta hugtak á þó aðeins við um koparheimtaugina. PFS leggur því til að hugtakið verði skilgreint svo:

*„**Heimtaugahluti (subloop):** Sá hluti koparheimtaugar sem nær frá götuskápi til inntaks í húskassa endanotanda.“*

Þá skilgreinir Míla hugtakið „heimtaug“ í drögum að nýju viðmiðunartilboði með sama hætti og í gildandi viðmiðunartilboði, þ.e.:

„Heimtaug: Koparlína sem tengir tengigrind eða samsvarandi aðstöðu í aðgangsnétinu við húskassa.“

Þar sem ákvörðun PFS nr. 21/2014 kvað á um að heildsölumarkaður fyrir aðgang að föstum aðgangsnétum (heimtaugum) væri tæknilega óháður, ætti hann við um ljósleiðaraheimtaugar engu síður en koparheimtaugar, eins og áður var. Því er ljóst að breyta þarf umræddri hugtaksskilgreiningu. PFS leggur til að hugtakið „heimtaug“ verði skilgreind á eftirfarandi hátt:

„Heimtaug: „Áþreifanlegir innviðir fjarskiptaneta í aðgangsneti óháð tækni, þ.m.t. kopar- og ljósleiðaralínur, sem hægt er að veita fjarskiptaþjónustu um og eru almennt ekki samnýttir milli notenda. Annars vegar er um að ræða þann legg sem tengir nettengipunkt notenda við tengigrind í sírstöð í tilfelli koparvírs og hins vegar, í tilviki ljósleiðara, síðasta legg ljósleiðarakerfisins til notenda, t.d. frá skiptistöð eða hnútpunktum.“

1.2. Takmörkun ábyrgðar (kafli 9)

Í drögum Mílu að hinu nýja viðmiðunartilboði getur að líta nýjan kafla sem ber yfirskriftina „Takmörkun ábyrgðar“. Hið nýja ákvæði hljóðar svo:

„Míla ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofs á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins, hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í stöðvum eða annarra ástæðna.“

Þó svo að samskonar fyrirvari um takmörkun ábyrgðar sé í viðmiðunartilboðum Mílu um bitastraumsaðgang og leigulínur, sem PFS hefur samþykkt, telur PFS að umrædd ábyrgðartakmörkun sé of víðtæk. PFS leggur því til að umrædd ábyrgðartakmörkun eigi ekki við þegar orsaka sambandsleysis, rofa á fjarskiptum eða truflana er að leita í ásetningi eða stórkostlegri vanrækslu af hálfu Mílu. Því leggur PFS til að ákvæðið verði orðað svo:

„Míla ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofs á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins, hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í stöðvum eða annarra ástæðna, enda megir ekki rekja umrætt sambandsleysi, fjarskiptarof eða aðrar truflanir til ásetnings eða stórkostlegrar vanrækslu af hálfu Mílu.“

1.3. Greiðslutrygging (kafli 13)

Í drögum Mílu að hinu nýja viðmiðunartilboði má finna ákvæði í 13 kafla um greiðslutryggingu og hljóðar það svo:

„Mílu er heimilt að óska eftir tryggingu frá þjónustukaupa um að staðið verði við skilmála samningsins og viðauka við hann. Verði óskað eftir tryggingu skal hún vera í samræmi við væntanlegt umfang viðskiptanna. Þá er Mílu heimilt að krefjast fullnægjandi trygginga vegna nauðsynlegra fjárfestinga í því skyni að koma til móts við óskir þjónustukaupa um aðgang að heimtaugum.“

Síðasti málslíðurinn er nýjung og er því ekki að finna í gildandi viðmiðunartilboði. PFS telur að umræddur málslíður sé of víðtækur. Almennt er það þannig að þjónustukaupendur greiði

Mílu tiltekin mánaðargjöld fyrir aðgang og e.t.v. stofngjöld líka. Þessi gjöld eru yfirfarin og samþykkt af hálfu PFS, a.m.k. að því er varðar koparheimtaugar. Er því óeðlilegt að Míla geti óskað eftir sérstökum tryggingum vegna nauðsynlegra framkvæmda við heimtaugakerfi sín sem umrædd stofn- og mánaðargjöld ættu að dekkja. Ennfremur telur PFS hið almenna greiðslutryggingarákvæði í 1. og 2. málslíð ætti aldrei að nema hærri fjárhæð en 3ja mánaða viðskiptum á milli aðila. Því leggur PFS til að ákvæðið hljóði svo:

„Mílu er heimilt að óska eftir tryggingu frá þjónustukaupa um að staðið verði við skilmála samningsins og viðauka við hann. Verði óskað eftir tryggingu skal hún vera í samræmi við væntanlegt umfang viðskiptanna, þó eigi hærri en sem nemur áætluðum mánaðargjöldum fyrir heimtaugaaðgang þrjá mánuði fram í tímann. Þá er Mílu heimilt að krefjast fullnægjandi trygginga vegna nauðsynlegra fjárfestinga í því skyni að koma til móts við sérstakar óskir þjónustukaupa um aðgang að heimtaugum. Þessi síðastgreindi málslíður á aðeins við í undantekningartilvikum og þá aðeins um fjárfestingar sem ekki mynda stofn til mánaðargjalda og stofngjalda fyrir heimtaugaleigu.“

1.4. Framsal réttinda og skyldna til þriðja aðila (kafla 14)

Í drögum að hinum nýja viðmiðunartilboði má finna ákvæði um framsal réttinda og skyldna til þriðja aðila í kafla 14. Hljóðar það svo:

„Þjónustukaupa er óheimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum án skriflegs samþykkis Mílu.

Þó er þjónustukaupa heimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningnum til annarra fyrirtækja í fyrirtækjasamsteypu sem þeir eiga að öllu leyti, svo fremi að viðeigandi leyfi séu framseld til viðtakandi fyrirtækis sem lýsi því yfir skriflega til Mílu að það taki á sig allar skyldur framseljenda samkvæmt samningnum.“

Ákvæði gildandi viðmiðunartilboðs um þetta efni er gagnkvæmt, þ.e. kveður á um að réttindi og skyldur samkvæmt samningnum verði ekki framseld eða fengin í hendur öðrum án skriflegs samþykkis gagnaðila, þ.e. hvorki af hendi Mílu né þjónustukaupendum. PFS telur óeðlilegt að afnema þessa gagnkvæmni. Því leggur PFS til að ákvæðið verði óbreytt frá gildandi viðmiðunartilboði og orðist svo:

„Réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum verða ekki framseld eða fengin öðrum í hendur án skriflegs samþykkis gagnaðila.

Þó er aðilum heimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningnum til annarra fyrirtækja í fyrirtækjasamsteypu sem þeir eiga að öllu leyti, svo fremi að viðeigandi leyfi séu framseld til viðtakandi fyrirtækis sem lýsi því yfir skriflega að það taki á sig allar skyldur framseljenda samkvæmt samningnum.“

II. Viðauki 1a (Grunnþjónusta)

2.1 Skilgreiningar (kafla 1.3)

Í umræddum kafla nýrra draga að viðmiðunartilboði getur að líta skilgreiningar. Þar er hugtakið „heimtaug“ skilgreint að nýju. Þar er enn aðeins gert ráð fyrir að heimtaug sé koparheimtaug. PFS leggur því til að þessi skilgreining verði afmáð úr þessum kafla eða hún færð til samræmis við þá breytingu á hugtakinu sem PFS leggur til kafla 1.1. hér að framan.

Þá skilgreinir Míla hugtakið VULA sem „Virtual Unbundling Local Access“. PFS telur rétt að notast við „Opinn sýndaraðgangur að heimtaug“ og svo enska textann í sviga. Þetta er í samræmi við hugtaksnotkun í ákvörðun PFS nr. 21/2014.

2.2 Skilmálar (kaflí 3)

Í drögum Mílu að 11. tölul. 3. kafla viðauka 1a er eftirfarandi skilmáli:

„Komi til þess að rýma þurfi eða breyta húsnæði á forræði Mílu, þar sem strengir fjarskiptafyrirtækja liggja, bera eigendur viðkomandi strengja hver um sig þann kostnað sem af slíkum breytingum leiðir. Náist ekki samkomulag á milli aðila getur PFS ákveðið kostnaðarskiptinguna.“

Míla er búin að fella brott orðin „af ástæðum sem þjónustukaupi ber ábyrgð á“ miðað við orðalag gildandi viðmiðunartilboðs. PFS telur ekki ástæðu til að fallast á þessa breytingu og leggur til að ákvæðið verði óbreytt og orðist því:

„Komi til þess af ástæðum sem þjónustukaupi ber ábyrgð á að rýma þurfi eða breyta húsnæði á forræði Mílu, þar sem strengir fjarskiptafyrirtækja liggja, bera eigendur viðkomandi strengja hver um sig þann kostnað sem af slíkum breytingum leiðir. Náist ekki samkomulag á milli aðila getur PFS ákveðið kostnaðarskiptinguna.“

Í drögum Mílu að 13. tölul. 3. kafla viðauka 1a er eftirfarandi skilmáli sem er nýmæli:

„Míla áskilur sér rétt til að meta í hverju tilviki sem bilun kemur upp í koparheimtaug hvort mögulegt sé, og hagkvæmara, að færa heimtaugaleiguþjónustu yfir á ljósleiðaratengingu í stað þess að gera við koparheimtaugina.“

PFS telur varhugavert að fallast á slíkt sjálfðæmi varðandi yfirfærslu á kopar yfir í ljósleiðara án þess að samþykki endanotanda og þjónustukaupanda línunnar liggi fyrir. Því leggur PFS til að ákvæðið orðist svo:

„Míla áskilur sér rétt til að meta í hverju tilviki sem bilun kemur upp í koparheimtaug hvort mögulegt sé, og hagkvæmara, að færa heimtaugaleiguþjónustu yfir á ljósleiðaratengingu í stað þess að gera við koparheimtaugina. Slík yfirfærsla úr kopar yfir í ljósleiðara getur þó aðeins komið til að fengnu samþykki endanotenda og þjónustukaupa“

Í 8. kafla viðauka 1a er svo að finna Verðskrá fyrir heimtaugaleigu. PFS telur það auka gagnsæi að hafa kafla um verðskrá í sérstökum viðauka. PFS leggur til að það verði viðauki 1b. Að öðru leyti verður ekki fjallað hér efnislega um verðskrá Mílu fyrir heimtaugaleigu þar sem sérstakt mál hefur verið stofnað um þá yfirferð.

III. Viðauki 2a (Tækniskilmálar fyrir skiptan aðgang að koparheimtaug)

3.1 Inngangur (kaflí 2)

Í drögum að 1. mgr. kafla 2 í viðauka 2a er að finna eftirfarandi skilmála:

„Viðauki 2a lýsir tæknilegum eiginleikum koparlínu við skiptan aðgang, ásamt almennum kröfum til búnaðar sem tengja má línunni. Ef Míla býður VULA-aðgang í TOA, þá fellur niður réttur AFF til að tengja eigin búnað í TOA.“

Seinni málsliður ákvæðisins er ekki allskostar í samræmi við kvaðirnar eins og þeim er lýst í ákvörðun PFS nr. 21/2014. Leggur PFS því til að ákvæðið orðist svo:

„Viðauki 2a lýsir tæknilegum eiginleikum koparlínu við skiptan aðgang, ásamt almennum kröfum til búnaðar sem tengja má línunni. Ef Míla býður VDSL með vigrun á viðkomandi tengistað fellur réttur AFF niður. Míla skal þess í stað veita VULA aðgang.“

3.2 Tengingar (kafla 4)

Í drögum að reglu 1 varðandi línudeila í kafla 4 í viðauka 2a er að finna eftirfarandi skilmála:

„xDSL búnaður AFF skal eigi vera lengra frá TOA en 100 m en þó þannig að mismunur millistrengs Mílu og AFF skal ekki vera meiri en 50 m. Þetta er nauðsynlegt til að merki séu svo til af sama styrk á tengigrindum og með því lágmarka gagnkvæma milliheyrslu“

PFS telur mikilvægt að ákvæði þetta verði ekki afturvirkir og leggur því til að það orðist svo:

„xDSL búnaður AFF skal eigi vera lengra frá TOA en 100 m en þó þannig að mismunur millistrengs Mílu og AFF skal ekki vera meiri en 50 m. Þetta er nauðsynlegt til að merki séu svo til af sama styrk á tengigrindum og með því lágmarka gagnkvæma milliheyrslu. Ákvæði þetta gildir ekki um fyrirkomulag sem er umfram þessi viðmið og þegar er komið á.“

IV. Viðauki 2g (Aðgangur að ljósleiðaraheimtaugum í aðgangsneti Mílu)

4.1 Skilgreiningar (kafla 1)

Í drögum að viðauka 2g, sem fjallar um ljósleiðaraheimtaugar, er af finna skilgreiningu á hugtakinu „húskassa“. PFS leggur til að skilgreining þessi verði felld brott og stuðst verði við skilgreiningu þá sem PFS leggur til í kafla 1.1. hér að framan.

V. Viðauki 2h (Gæðaviðmiðunarsamningur og gæðatrygging)

4.1 Takmarkanir (kafla 4.5)

Í drögum að viðauka 2h, sem fjallar um gæðaviðmiðunarsamninga og gæðatryggingar, er af finna ákvæði um takmarkanir á bótum í kafla 4.5. Í 3. mgr. umrædds kafla er svofellt ákvæði:

„Aðeins eru greiddar bætur til þjónustukaupa sem hafa 10 eða fleiri pantanir/bílanir í hvorum flokki og svæði fyrir sig í viðkomandi mánuði.“

PFS telur ofangreinda takmörkun á bótagreiðslum óeðlilega og órökstudda. PFS leggur því til að umrætt ákvæði verði felld brott.